



Umsókn um styrk frá Sprotastjóði veturinn 2015 - 2016

15 - 20% nemenda Grunnskólans á Þórshöfn eru af pólskum ættum. Flestir búa á heimilum þar sem pólska er móðurmálið og íslenskukunnátta ekki mikil. Nokkrir nemendur okkar eiga íslenskar mæður eða íslenska feður. Nokkrir nemendur okkar eru einnig af öðru þjóðerni.

Þó svo að fólk af pólskum uppruna hafi búið hér alllengi og börn þeirra fæðst hér á landi eru tungumálaerfiðleikar áberandi og má ætla að það sé að hluta til hve pólska samfélagið hér á Þórshöfn er um margt lokað, og hið sama má þá e.t.v. segja um hið íslenska. Þátttaka fólks af pólskum uppruna er ekki mikil í félagsstarfi eða á vettvangi stjórnsýslunnar.

Skólinn ber þess ekki sérlega mikil merki að svo stór hluti nemenda hans sé pólskættaður og fordóma gætir hjá nemendum sem hafa íslensku sem móðurmál gagnvart pólsku tungumáli og pólskættuðum skólasystkinum.

Markmið verkefnis er að auka hlutdeild allra íbúa skólahverfis Grunnskólans á Þórshöfn í skólastarfinu, sama af hvaða bergi þeir eru brotnir þannig að skólinn endurspegli það fjölmenningarlega samfélag sem hann á rætur sínar í.

Markmið okkar er að gera menningu allra nemenda okkar sýnilega og hún endurspeglir í námskrá skólans, starfsháttum og foreldrasamstarfi.

Efla samstarf við tvítýngda foreldra, auka upplýsingamiðlun til þeirra á þeirra móðurmáli og styðja við þá er kemur að menntun barna þeirra en tungumálaerfiðleikar setja mark sitt á samskiptin.

Efla hlutdeild allra foreldra í skólasamfélaginu m.a. með því að fá þau Jakob Frímann Þorsteinsson og Vöndu Sigurgeirsdóttur, félagsmálafræðinga við Háskóla Íslands, til liðs við okkur og vinna að þróun fjölmenningarlegs skólastarfs.

Stuðningur við kennara og starfsfólk er einnig markmið okkar og munum við þar njóta stuðnings Huldu Karenar Daníelsdóttur kennsluráðgjafa í nýbúafræðslu.

Að auki er mikilvægt að vinna að undirbúningi og innleiðingu fjölmenningarstefnu..

Ætlun okkar er einnig að nýta okkur efni af vefnum tungumalatorg.is og þar á meðal nýjan vef sem heitir Velkomin (tungumalatorg.is/velkomin).



Afrakstur

Sérstakur kafli verður um fjölmennningarlegt skólastarf verður skrifaður í námskrá skólans.

Efni fyrir tvítyngda foreldra verði gert aðgengilegt á vef skólans grunnskolin.com

Fjölmenningarstefna verður undirbúin og gs innleidd

Þekking á fjölmenningu verður efld innan skólans á meðal starfsfólks, foreldra og nemenda og þjargir kynntar og nýttar í skólastarfinu.

Fjölmennning setji svip sinn á skólastarfið:

Viðburðir tengdir menningu allra nemenda

Samstarf við foreldra og heimili um aðkomu að skólastarfinu

Móðurmálskennsla við skólann efld eftir því sem kostur er

Komið verður á samstarfi við pólska skóla (vinaskóla verkefni)

Rökstuðningur

Á undanförnum þremur árum hefur verið markvisst unnið að þróun kennsluhátta við skólann og sérstök áhersla hefur verið á að styrkja íslenskukunnáttu pólskættaðra skólabarna en mörg þeirra hafa verið greind með málþroskaröskun og eiga við námserfiðleika að stríða. Heimilin hafa ekki getað sinnt heimanámi eða stuðningi við nám barnanna, m.a. vegna tungumálaerfiðleika, og þó margir hér hafi búið hérlandis í allmörg ár. Lykillinn að því að koma til móts við alla nemendur er að þekkja nemendur vel, bakgrunn þeirra og menningu. Skólinn hefur eftt mjög einstaklingsmiðaðar námsáherslur og aukið stuðning við tvítyngda nemendur. Mikill áhugi er á því innan skólans að gera enn betur í þessum eignum.

Grunnskólinn á Þórshöfn hefur á undanförnum árum verið virkur þátttakandi í Nordplus og hefur átt ágætt samstarf við skóla í Lettlandi og Eistlandi. Í þeirri vinnu hefur skapast mikil þekking hér innan skólans sem hægt verður að nýta til að koma á samskiptum við pólska skóla.

Grunnskólinn á Þórshöfn á mikið undir því að fá hingað góða gesti, fyrirlesara og ráðgjafa en slíkt er afar kostnaðarsamt en um leið lykillinn að því að styrkja hér skólastarfið enn frekar. Minna má á að veturinn 2011-2012 gerði Attendus fyrir Menntamálaráðuneytið úttekt á skólastarfi hér á Þórshöfn og í kjölfarið var gerð umbótaáætlun sem felur m.a. í sér að efla þróunarstarf, sjá á heimasíðu skólans.